

Ed.

548. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörotoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Með afnámi gengisviðaukans á vörotollinum var á þingi því, er nú situr, dálitið spor stigið í þá átt að ljetta skattabyrði almennings. Frv. það, er hjer liggur fyrir, er annað spor í sömu átt, og álitur meiri hlutinn sanngjarnt eftir atvikum, að það nái samþykki þingsins.

Alþingi, 8. maí 1926.

Björn Kristjánsson,
form.

Jóhann P. Jósefsson,
fundaskrif. og frsm.

Gunnar Ólafsson.